

Ár 2011, fimmtudaginn 6. janúar kl. 16.30 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Eyþór H. Ólafsson og Róbert Hlökkversson.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 20. desember 2010.**

Í bréfinu er minnt á að auglýsa þarf verkfallalista fyrir 1. febrúar ár hvert.

Bæjarstjóra falið að auglýsa listann.

1.2. **Varasjóði húsnæðismála frá 21. desember 2010.**

Í bréfinu er kynnt nýtt samkomulag um framlög til Varasjóðs húsnæðismála.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Félagi leikskólakennara og félagi stjórnenda í leikskólum ódagsett.**

Með bréfinu fylgdi ályktun fundar stjórna 8. svæðisdeilda FSL og FL.

Lagt fram til kynningar.

1.4. **Barnaheill frá 8. desember 2010.**

Í bréfinu er kynnt ályktun Barnaheilla – Save the Children á Íslandi til ríkisstjórnar og sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

1.5. **BSRB frá 15. desember 2010.**

Í bréfinu eru sveitarstjórnarmenn hvattir til að verja velferðarkerfið við gerð fjárhagsáætlunar.

Lagt fram til kynningar.

1.6. **Orkuveitu Reykjavíkur frá 25. nóvember 2010.**

Í bréfinu er kynnt að Orkuveitan hefur hug á að hefja íblöndun litarefnis í vatn í lokaða kerfinu í því skyni að leita leka eða rangra tenginga.

Lagt fram til kynningar.

1.7. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 10. desember 2010.**

Í bréfinu er kynnt áætlun á úthlutun frá Jöfnunarsjóði í framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum árið 2011. Áætlað framlag til Hveragerðisbæjar er kr. 7.910.000.-

Lagt fram til kynningar.

- 1.8. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 21. desember 2010.**
Með bréfinu fylgdi úrskurður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á stjórnarsýslukæru Sigfríðar Sigurgeirsdóttir á Hveragerðisbæ.
Úrskurðurinn lagður fram til kynningar.
- 1.9. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 30. desember 2010.**
Í bréfinu er kynnt nýtt ráðuneyti Innanríkisráðuneyti með samruna dóms- og mannréttindaráðuneytis annars vegar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis hins vegar.
Lagt fram til kynningar.
- 1.10. **Knattspyrnudeild Hamars frá 29. desember 2010.**
Í bréfinu er óskað eftir fjárstuðningi vegna æfinga sem félagið þarf að stunda annars staðar þar sem ekki er aðstaða fyrir það í Hveragerði.
Bæjarráð samþykkir að veita Knattspyrnudeild Hamars allt að 1 mkr í stuðning sem greiðist gegn framvísun reikninga vegna ofangreinds kostnaðar.

2. Fjárhagsleg málefni:

- 2.1. **Bréf frá Brunavörnum Árnessýslu frá 15. nóvember 2010 vegna kerrufélags slökkviliða á Suðurlandi.**
Kerrufélag slökkviliða á Suðurlandi er samstarfsfélag um kerrur er Brunamálastofnun skaffaði við yfirfærslu á málefnum eiturefna til sveitarfélaga. Nú hefur þurft viðhald á eina kerruna þannig að hvert sveitarfélag þarf að greiða viðhaldskostnað. Hluttur Slökkviliðs Hveragerðis er 7,06% eða kr. 47.524.-
Bæjarráð samþykkir kostnaðinn.
- 2.2. **Samstarfssamningur við Hreint ehf vegna ræstinga á leikskólanum Undralandi.**
Lagður fram samstarfssamningur við Hreint ehf vegna ræstinga á leikskólanum Undralandi.
Samningurinn samþykktur.
- 2.3. **Samstarfssamningur við Hreint ehf vegna ræstinga á bæjarskrifstofum.**
Lagður fram samstarfssamningur við Hreint ehf vegna ræstinga á bæjarskrifstofum.
Samningurinn samþykktur.
- 2.4. **Drög að húsaleigusamningi við Sparisjóð Suðurlands.**
Lögð fram drög að húsaleigusamningi við Sparisjóð Suðurlands vegna húsnæðis sjóðsins í Sunnumörk 2.
Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ganga frá samningnum og undirrita hann.

3. Verkfundargerðir:

- 3.1. **Gatnagerð 2010 frá 10. desember 2010.**
Varðandi beiðni verktakans um leyfi til að hefja framkvæmdir í Heiðmörk fyrr en verksamningur gerir ráð fyrir þá samþykkir bæjarráð slíka tilhögun fyrir sitt leyti.
Fundargerðin samþykkt.
- 3.2. **Gervigrasvöllur á Vorsabæjarvöllum frá 1. desember 2010.**
Fundargerðin samþykkt.

4. Fundargerðir til kynningar:

- 4.1. **Stjórnar SASS frá 10. desember 2010.**
- 4.2. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 19. nóvember 2010.**
- 4.3. **Stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi frá 12. október, 12. nóvember og 10. desember 2010.**
- 4.4. **Starfshóps um sameiningarkosti sveitarfélaga á Suðurlandi frá 21. desember 2010.**
- 4.5. **Aukaaðalfundur Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 3. desember 2010.**
- 4.6. **Stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 3. desember 2010.**
- 4.7. **Héraðsnefndar Árnesinga frá 5. nóvember 2010.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:20

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)